

Gullna hringborðið

Fundur haldinn á Hótel Geysi, fimmtudaginn 23. febrúar 2023 kl. 11.00-14:00.
„Hvernig ætlum við saman að takast á við fyrirsjáanlega fjölgun ferðamanna á Gullna hringnum á næstu árum“

Fundarmenn annars fundar hringborðsins: Einar Á.E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður Þingvöllum, Helgi Kjartansson oddviti Bláskógabyggðar, Ása Valdís Árnadóttir oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps, Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri Hrunamannahrepps, Inga Dóra Hrólfsdóttir UST, Katrín Karlsdóttir UST, Valdimar Kristjánsson UST, Friðheimar/ Knútur Ármann, Efstidalur/ Sölvi Arnarson, Secret Lagoon/ Björn Kjartansson og Agnes Szwaja, Laugarvatn Fontana/ Guðmundur Fannar Vigfússon, Hótel Geysir/ Elín Thoroddsen, Sigurður Másson, Bjarki Hilmarsson, Skálholt /Herdís Friðriksdóttir, Mountaineers/ Herbert Hauksson, Hafdís Huld Björnsdóttir frá RATA, Anna Katrín Einarsdóttir frá RATA, Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi Uppsveita. Forföll boðuðu: Gullfosskaffi, Hótel Gullfoss og Kerið.

Dagskrá

Fundarstjóri Hafdís Huld Björnsdóttir RATA (rata.is).

Hún byrjaði á því að biðja fundarmenn um eitt orð sem einkennir Gullna hringinn:

samstarf, fjölbreytni, stórfenglegt, áskorun, metnaður, löng hefð, saga, náttúrufegurð, reynsla, tækifæri, flaggskip, samstaða, kraftur, gleði.

1. Opnun - kynning

Einar Á. E. Sæmundsen og Ásborg Arnþórsdóttir buðu gesti velkomna. Kynning á Gullna hringborðinu. Hugmyndin um samráðsvettvang varð til í framhaldi af verkefnum í ráðuneyti ferðamála. Annars vegar verkefni um álagsstýringu á ferðamannastöðum og hins vegar verkefninu „Vörður“ sem Þingvellir, Geysir og Gullfoss eru aðilar að www.varda.is. Hugmyndin um hringborðið snýst í megindráttum um að stofna samráðsvettvang allra hagaðila á forsendum svæðisins og hefja samtalið í tæka tíð. Vera viðbúin því að taka vel á móti gestum sem fer fjölgandi.

Sagt var frá fyrsta fundi Gullna hringborðsins sem haldinn var á Þingvöllum í nóvember sl. Þar voru leiddir saman fulltrúar helstu stofnana sem fara með málefni tengd svæðinu. Nú er hringurinn stækkaður og kölluð að borðinu fyrirtæki á svæðinu, þ.e. stórir stoppistaðir sem hafa áhrif á hvernig ferðamenn fara um svæðið og hvar er stoppað. Mismunandi hringir og þemastopp sem breyta ferðamynstri.

Allir fundarmenn eiga það sameiginlegt að tengjast Gullna hringnum og móttöku ferðafólks á einn eða annan hátt, með mismunandi hlutverk og hagsmuni, en öllum er umhugað um að vanda til verka og allra hagar er að ímynd og ásýnd svæðisins sé góð. Orðspor Gullna hringins hefur áhrif á orðspor Íslands sem ferðamannalands. Því fylgja hvort tveggja í senn áskoranir og tækifæri að eiga náttúruperlur.

Ákall Gullna hringborðsins var kynnt. Vinnuhópur hefur verið starfandi milli funda og mótað var „Ákall“ með fyrstu aðal áherslupunktum sem brenna á svæðinu. Það var unnið upp úr gögnum frá Þingvallafundinum. Ákall Gullna hringborðsins hefur verið

afhent ráðherrum og þingmönnum og sent í ráðuneyti og opinberar stofnanir sem tengjast málefnum. Ákallinu var dreift á fundinum og fundarmenn þ.e. fulltrúar fyrirtækja voru beðnir um að skoða það vandlega og sjá hvort þar fari saman áhersluatriði þeirra og hvort eitthvað vanti uppá.

2. **Kynning frá Umhverfisstofnun**

Staðan og staðreyndir á Geysissvæði og við Gullfoss
Inga Dóra Hrólfsdóttir sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun.
Stjórnuna-og verndaráætlanir, hönnunarsamkeppni, forhönnun. Framkvæmdir framundan, áætluð verklok 2025. Gott samstarf við landeigendur.

3. **Kynning frá Þingvallabjóðgarði.**

Staðan og staðreyndir.
Einar Á.E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður á Þingvöllum. Áætlanir stefnumótun og skipulag. Spár um fjölgun ferðamanna til 2030 og fjölgun skemmtiferðaskipa. Öryggismál og áskoranir.

4. **Áskoranir sveitarfélaga á Gullna hringnum**

Helgi Kjartansson oddviti Bláskógabyggðar. Skipulag og stærra samhengið. Álag á vegi, viðhald, fjárskortur, þörf á ígildi jarðgangna, öryggi. Húsnæði, starfsfólk, aðlögun erlends vinnuafls að samfélagi. Innviðir, fráveita, sorp, skólar, löggæsla, heilsugæsla, sjúkraflutningar.

5. **Hádegisverðarhlé.**

Glæsilegur hádegisverður í boði Hótel Geysis, þeim eru þakkir færðar.
Óformlegar samræður við borðin.

6. **Samtal Gullna hringborðsins.**

Opíð samtal fundarmanna undir stjórn Hafdísar.
Áskoranir, hugmyndir.
Fundarmenn hugleiddu helstu áskoranir út frá mismunandi sjónarhornum og hagsmunum og komu með ýmsar hugmyndir. Fjöldinn er áskorun, en líka tækifæri. Viljum taka vel á móti öllum sem vilja koma. Mikilvægt að halda jákvæðri ímynd.

Stóra áskorunin eru vegir og samgöngur. Fjölfarnasta ferðamannaleið á landinu. Ísland allt árið, ferðatímabilið hefur lengst mikið á undanförunum árum, því er mikilvægt að vetrarþjónusta sé góð.

Landvarsla er mikilvægt öryggismál og forvarnir.

Samvinna ríki/sveitarfélög/einkaaðilar. Einkaaðilar fyrirtækin hafa byggt upp og staðið sig mjög vel, nýir staðir koma inn og gamlir staðir stækka og þróast. Nóg pláss er fyrir fleiri frumkvöðla og fyrirtæki, vöruþróun og fleiri gesti. Ekki allir á sama stað á sama tíma. Mikilvægt er að breyta orðræðunni um að Ísland sé uppselt og Gullni hringurinn sprunginn. Það er langt frá því að vera satt. Við erum í samkeppni við aðra landshluta og oft má merkja togstreitu milli landssvæða. Við erum vaxtarsvæði og þurfum fjármagn.

Þróa þarf nýja hugsun um Gullna hringinn. Fá gesti til að fara hægar yfir, gista og fara víðar. Framboð á gistingu hefur aukist mjög að undanfögnu og fleira er í farvatninu. Allir möguleikar til að dvelja lengur á svæðinu.

Tækifæri er í að vinna saman, kynna saman, fá fólk til að stoppa á fleiri stöðum. Koma með mótvægi við „Golden express“ dagsferðafólk á hraðferð. Hafa sjálfbærni að leiðarljósi. Taka samtalið oft. Breyta ímynd „Rebrand“. Samtal við ferðaskipuleggjendur sem selja Gullna hringinn er mikilvægt. Markaðssetja hægari yfirferð. Kynna mismunandi ferðamöguleika. Heilbrigð samkeppni er á milli staða og samvinna.

Næstu skref, fylgja eftir, tækifæri, opinberir aðilar og einkaaðilar vinna saman. Fá gesti til að dvelja, upplifa svæðið. Efla má samgöngutengingar t.d. Uber þjónustu. Gistináttagjaldið til sveitarfélaganna. Fjármuni og samstarf til að markaðssetja. Ekki fullt, ekki uppselt. Breyta ferðamynstri og auka fjölbreytni. Slagkraftur í samvinnu hagaðila. Endurskoða ímynd, kynning, auglýsingar, áhrifavaldar, samvinna við markaðsstofu, ferðaskrifstofur o.fl. Gæði, fjölbreytni, upplifun. Ekki má gleyma félagslegum áhrifum ferðþjónustunnar. Vanda móttöku erlendra starfsmanna.

Gullna hringborðið er ákveðið þrýstiafl. Fjárveitingarvaldið þarf að fá skýr skilaboð. Skýr skilaboð draga úr óvissu í ákvarðanatöku. Þrýstihópar á forsendum svæðanna.

Halda vel á spöðunum, halda áfram. Stækka hringinn, kalla fleiri að Gullna hringborðinu og þróa það. Hve oft á að hittast ? Árlega er of lítið að mati fundarmanna ! Reglulegt samtal. Vinnuhópur taki þetta áfram næstu skref.

Ritari
Ásborg Arnþórsdóttir